

67. gr.

Lausráðnir starfsmenn.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Borgarnesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 468/1987.

Félagsmálaráðuneytið, 5. október 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

*Sesselja Árnadóttir.***REGLUGERÐ**

**um breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994
með síðari breytingum nr. 387/1994.**

1. gr.

Viðauki 6 verði svohljóðandi:

VIÐAUKI 6**Leyfilegt hámark mengunarefna í útblásturslofti bifreiða.**

Um hámark mengandi efna í útblæstri bifreiða sem eru fluttar til landsins frá og með 1. júlí 1992 skulu gilda eftirfarandi mörk. Miðað er við prófanir samkvæmt US-87/88 reglum, sænskum A12/13 reglum eða tilskipun nr. 70/220/EBE með breytingum nr. 91/441/EBE og nr. 83/351/EBE eða tilskipun nr. 88/77/EBE með breytingum nr. 91/542/EBE, og að mengunarvarnabúnaður bifreiða sé samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Bifreiðar áður gerðarprófaðar og skráðar innan Evrópska efnahagssvæðisins þurfa ekki að leggja fram vottorð til staðfestingar á að mengunarefni séu undir eftirfarandi mörkum.

A. Þegar prófað er samkvæmt sænskum reglum A12/13 eða bandarískum reglum US-87/88:

Kolmónoxíð.....	CO	2,11	gr/km
Kolvetni.....	CH	0,25	gr/km
Köfnunarefnisoxíð.....	NO _x	0,62	gr/km
Ryk.....		0,124	gr/km

B. Þegar prófað er eftir tilskipun nr. 70/220/EBE með breytingum nr. 91/441/EBE og nr. 83/351/EBE:

Viðmiðunarþyngd kg	Kolmónoxíð(CO) í gr á hverja prófun	Summa kolvetna og köfnunarefnisoxíða í gr á hverja prófun
vþ ≤ 1020	58	19,0
1020 < vþ ≤ 1250	67	20,5
1250 < vþ ≤ 1470	76	22,0
1470 < vþ ≤ 1700	84	23,5
1700 < vþ ≤ 1930	93	25,0
1930 < vþ ≤ 2150	101	26,5
2150 ≤ vþ	110	28,0

eða		
Kolmónoxíð.....	CO	2,72 gr/km
Kolvetni og köfnunarefnisoxíð.....	HC+ NO _x	0,97 gr/km
Ryk.....		0,14 gr/km

C. Þegar prófað er samkvæmt tilskipun nr. 88/77/EBE með breytingum nr. 91/452/EBE:

Kolmónoxíð.....	CO	4,5 gr/kwh
Kolvetni.....	HC	1,1 gr/kwh
Köfnunarefnisoxíð.....	NO _x	8,0 gr/kwh
Efnisagnir.....		0,36 gr/kwh(*)

(*) Sé um að ræða minni hreyfil en 85 kW skal margfalda markgildið með 1,7

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 65/1994 og með hliðsjón af EES-samningnum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 3. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.